

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 11/2006

frá 27. janúar 2006

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 153/2005 frá 2. desember 2005 (¹).
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/44/EB frá 7. september 2005 um samræmda upplýsingaþjónustu um ár (RIS) á skipgengum vatnaleiðum í Banda laginu (²) skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir 49. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 77/527/EBE) í XIII. viðauka við samninginn:

„49a. **32005 L 0044:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/44/EB frá 7. september 2005 um samræmda upplýsingaþjónustu um ár (RIS) á skipgengum vatnaleiðum í Bandalaginu (Stjtíð. ESB L 255, 30.9.2005, bls. 152).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2005/44/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 28. janúar 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

(¹) Stjtíð. ESB L 53, 23.2.2006, bls. 55, og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 10, 23.2.2006, bls. 25.

(²) Stjtíð. ESB L 255, 30.9.2005, bls. 152.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 27. janúar 2006.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

R. Wright

formaður.